

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um eftirlit tollgæslunnar með innflutningi í gámum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve margar vörugámaeiningar voru fluttar inn til landsins:
  - a. árið 2003,
  - b. árið 2004?
2. Hve stórt hlutfall heildarinnflutnings vöru í gámum var skoðað fyrrnefnd ár?
3. Hversu oft á árunum 2003 og 2004 komu upp mál í tengslum við vöruinnflutning í gámum sem má rekja til:
  - a. rangrar tollflokkunar sem leiddi til of lágra eða hárra tollgreiðslna,
  - b. fíkniefnainnflutnings,
  - c. þess að innsigli var rofið af lokunarbúnaði gáms,
  - d. þess að innsigli var rofið áður en til tollskoðunar kom?
4. Hve margir tollverðir starfa að eftirliti með vöruinnflutningi í gámum?
5. Er fyrirhugað aukið eftirlit með innflutningi varnings í gámum?

Skriflegt svar óskast.